

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Aivlosin 42,5 mg/g forblanda fyrir lyfjablandað fóður handa svínunum.

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:

Týlvalósín (sem týlvalósíntartrat) 42,5 mg/g

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Vatnað magnesíum sílíkat (sepíólít)
Hveitimjöl
Hýdroxýprópýlsellulósi
Fitulaust sojabauđuft

Ljósbrúnleitt grófkorna duft

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Svín

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Meta skal hvort sjúkdómurinn sé til staðar í hjörðinni áður en lyfið er notað.

- Meðferð og verndarmeðferð gegn svínakregðu (swine enzootic pneumonia) af völdum næmra stofna *Mycoplasma hyopneumoniae* í svínunum. Við ráðlagðan skammt minnka vefjaskemmdir í lungum og þyngdartap, en sýkingunni af *Mycoplasma hyopneumoniae* er ekki útrýmt.
- Meðferð gegn þarmabólgu í svínunum (porcine proliferative enteropathy) af völdum *Lawsonia intracellularis* í hjörðum þar sem fengist hefur sjúkdómsgreining sem byggist á klínískri sögu, upplýsingum úr krufningu og klínískum meinafræðiniðurstöðum.
- Meðferð og verndarmeðferð gegn blóðskitu í svínunum af völdum *Brachyspira hyodysenteriae* í hjörðum þar sem sjúkdómurinn hefur verið greindur.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir makrólíðasýklalyfjum eða einhverju hjálparefnanna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Bráð tilvik og afar veik svín með minnkaða fæðu- eða vatnsneyslu skal meðhöndla með viðeigandi lyfi til inndælingar.

Almennt hafa stofnar af *B. hyodysenteriae* hærri lágmarksheftistyrksildi (MIC) þegar um ónæmi gegn öðrum makrólíðum, á borð við týlósín, er að ræða. Ekki hefur verið fyllilega kannað hvaða máli þetta minnkaða næmi skiptir í klínísku tilliti.

Krossónæmi getur komið fram á milli týlvalósín og annarra makrólíða. Íhuga skal notkun lyfsins vandlega þegar næmispróf hafa sýnt ónæmi fyrir týlvalósín vegna þess að verkun þess getur minnkað.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Notkun lyfsins skal vera í samræmi við opinbera, innlenda og svæðisbundna stefnu um notkun sýklalyfja.

Nota skal sýklalyf sem hafa í för með sér minni hættu á myndun sýklalyfjaónæmis (lægri AMEG flokkur) sem fyrstavalmeðferð, þar sem næmispróf benda til líklegrar verkunar þessararaðferðar.

Viðhafa ber góða umönnun og hreinlætishætti til að draga úr hættu á endursýkingu.

Notkun lyfsins á að byggjast á greiningu og næmisprófi á marksýklunum. Ef það er ekki mögulegt, á meðferðin að byggjast á faraldsfræðilegum upplýsingum og þekkingu á næmi marksýklanna fyrir búið eða staðinn/svæðið.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín sé ofnæmisvaldur hjá tilraunadýrum og þess vegna skulu þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir týlvalósíni forðast alla snertingu við þetta dýralyf.

Þegar dýralyfið er blandað og fullbúin forblanda fyrir lyfjablandað fóður handleikin skal forðast beina snertingu við augu, húð og slímhúð. Nota skal hlífðarfatnað þegar dýralyfið er blandað og lyfjablandað fóðrið handleikið, þ.e. samfestinga, ógegndræpa hanska og annaðhvort einnota öndunargrímu sem þekur hálf andlitíð og samræmist Evrópustaðli EN 149 eða margnota öndunargrímu sem samræmist Evrópustaðli EN 140, með síu skv. EN 143. Þvoið mengaða húð.

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrvalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og mjólkurgjöf:

Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings-/áhættumati dýralæknis.

Engin merki um aukaverkanir sáust hjá gyllum eða afkvæmum þeirra þegar týlvalósín var gefið til inntöku og samfelld í 195 daga til gylda, frá því fyrir sæðingu til frávenslu, með 150 mg af týlvalósíni á hvert kg af vatni, sem samsvarar að meðaltali 4,6 mg af týlvalósíni á hvert kíló af skrokkþyngd á dag.

Rannsóknir á dýrum hafa ekki sýnt fram á fósturskemmdir. Komið hafa fram eiturrhif á mæður hjá nagdýrum við notkun skammta sem nema 400 mg týlvalósíns á hvert kg líkamspýngdar og þar yfir. Hjá músum sást örlítill minnkun á líkamspýngd fósturs þegar notaðir voru skammtar sem ollu eiturrhifum á mæður.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar í fóður.

Blandist einungis í þurrt fóður.

Til meðferðar og verndarmeðferðar gegn svínakregðu

Skammturinn er 2,125 mg týlvalósín á hvert kg líkamsþyngdar á dag í fóðri í 7 daga í röð.

Sýking af lífverum á borð við *Pasteurella multocida* og *Actinobacillus pleuropneumoniae* getur verið fylgikvilli svínakregðu og kallað á sérstaka lyfjagjöf.

Til meðferðar gegn þarmabólgu í svínum

Skammturinn er 4,25 mg týlvalósín á hvert kg líkamsþyngdar á dag í fóðri í 10 daga í röð.

Til meðferðar og verndarmeðferðar gegn blóðskitu í svínum

Skammturinn er 4,25 mg týlvalósín á hvert kg líkamsþyngdar á dag í fóðri í 10 daga í röð.

Ábending	Skammtur af virku efni	Meðferðarlengd	Hlutfallslegt magn lyfsins í fóðri
Meðferð og verndarmeðferðar gegn svínakregðu	2,125 mg/kg líkamsþyngdar/dag	7 dagar	1 kg/tonn*
Meðferð gegn þarmabólgu í svínum	4,25 mg/kg líkamsþyngdar/dag	10 dagar	2 kg/tonn*
Meðferð og verndarmeðferðar gegn blóðskitu í svínum	4,25 mg/kg líkamsþyngdar/dag	10 dagar	2 kg/tonn*

* **Mikilvægt:** Þetta hlutfallslega magn af lyfinu miðast við að svín éti fóður sem nemur 5% af líkamsþyngd sinni á dag.

Hjá eldri svínum, eða svínum sem hafa minnkaða matarlyst eða fá takmarkað fæðumagn, gæti þurft að auka hlutfallslegt magn lyfsins til að ná þeirri skammtastærð sem stefnt er að. Þegar fæðuneysla er minnkuð ber að styðjast við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Kg forblanda/tonn fóður} = \frac{\text{Skammtahlutfall (mg/kg líkamsþyngd)} \times \text{líkamsþyngd (kg)}}{\text{Dagleg fóðurneysla (kg)} \times \text{styrkur forblöndu (mg/g)}}$$

Til að bæta árangur lyfjameðferðar ber að innleiða góða starfshætti hvað varðar umsjón og hreinlæti til þess að minnka hættuna á sýkingu og hafa hemil á uppbyggingu ónæmis.

Nota skal fóðurblandara með láréttan borða til að blanda lyfinu í fóðrið. Mælt er með að blanda Aivlosin fyrst í 10 kg af fóðrinu og bæta síðan því sem eftir er af fóðrinu út í og blanda vel. Úr lyfjablönduðu fóðrinu má síðan búa til pressaðar fóðurkúlur. Þegar búnar eru til pressaðar fóðurkúlur þarf að forvinna innihaldsefnin með einni lotu af gufu í 5 mínútur og pressa síðan fóðurkúlur við að hámarki 70 °C við venjulegar aðstæður.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engin merki um óþol hafa sést hjá vaxandi grísum við skammta sem nema allt að tífoldum ráðlögðum skammti

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Þetta dýralyf er ætlað til notkunar við gerð lyfjablandaðs fóðurs. Lyfið má ekki nota fyrirbyggjandi.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmat: 2 sólarhringar

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði:

QJ01FA92

4.2 Lyfhrif

Týlvalósíntartrat er sýklalyf úr flokki makrólíða sem virkar gegn Gram-jákvæðum, sumum Gram-neikvæðum bakteríum og mycoplasma. Það virkar með því að hamla smíði próteina í bakteríufrumum.

Sýklalyf úr flokki makrólíða eru umbrotsefni eða afleiður, samtengdar að hluta til, af umbrotsefnum jarðvegslífvera sem aflað er með gerjun. Þau hafa mismunandi stóra laktónhringi og eru basísk vegna tvímetylamínóhópsins. Týlvalósín hefur sextán eininga hring.

Makrólíðar trufla smíði próteina með því að bindast gagnhverft við 50S ríbósóm-undireininguna. Þeir bindast við gjafasetið og hindra þá yfirfærslu sem nauðsynleg er til að peptíðkeðjan geti haldið áfram að vaxa. Áhrif þeirra eru í meginatriðum bundin við lífverur sem skipta sér hratt. Makrólíðar eru almennt taldir vera bakteríu- og mycoplasmaheftandi.

Talið er að mörg ferli beri ábyrgð á myndun ónæmis gegn makrólíðaefnasamböndum: þ.e. breyting á marksetinu í ríbósómunum, notkun á virkum útlæðisferlum og framleiðsla á afvirkjandi ensímum.

Ekki hefur verið greint frá ónæmi gegn týlvalósíni í bakteríum af stofninum *Mycoplasma hyopneumoniae* og *Lawsonia intracellularis* á notkunarvettvangi enn sem komið er. Ekkert næmismark hefur verið staðfest fyrir *Brachyspira hyodysenteriae*.

Almennt hafa stofnar af *B. hyodysenteriae* hærri lágmarksheftistyrksgildi (MIC) þegar um ónæmi gegn öðrum makrólíðum, á borð við týlósín, er að ræða. Ekki hefur verið fyllilega kannað hvaða máli þetta minnkaða næmi skiptir í klínísku tilliti. Ekki er unnt að útiloka krossónæmi milli týlvalósíns og annarra sýklalyfja úr flokki makrólíða.

Auk örverueyðandi eiginleika hefur orðið vart við ónæmistemprandi og bólgueyðandi áhrif hvað varðar tiltekna makrólíða í íhlutandi rannsóknum. Komið hefur í ljós að týlvalósín virkjar stýrðan frumudauða daufkyrninga og stórátfrumna hjá svínum, örvar stýrðan frumudauða hjá daufkyrningum og hamlar bólguörvandi framleiðslu CXCL-8, IL1 α og LTB $_4$, en virkjar um leið losun aðgreiningarörvandi Lipoxin A4 og Resolvin D1 in vitro.

4.3 Lyfjahvörf

Týlvalósíntartrat frásogast hratt eftir inntöku Aivlosin.

Eftir gjöf ráðlagðs skammts, mældist styrkur í lungum frá 0,060-0,066 $\mu\text{g/ml}$ 2 og 12 klst. eftir meðferð. Móðurefnasambandið dreifist vítt og breitt um vefina og mesti styrkur fannst í lungum, galli, slímþekju garna, milta, nýrum og lifur.

Vísbendingar eru um að styrkur makrólíða sé meiri á sýkingarstað en í plasma, einkum í daufkyrningum, stóratfrumum í lungablöðrum og þekjufrumum í lungnablöðrum.

Rannsóknir á umbroti *in vitro* hafa staðfest að móðurefnasambandið umbrýst hratt í 3-O-aceýltýlósín. Í prófun þar sem notað var ¹⁴C-merkt Aivlosin, sem gefið var svínunum í 2,125 mg/kg styrk í 7 daga, skildust yfir 70 % af skammtinum út í saur, en útskilnaður í þvagi nam um 3 til 4 % af skammtinum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 3 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 4 vikur.

Geymsluþol eftir blöndun í fóður: 1 mánuður í mjóli eða fóðurkúlum.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við lægra hitastig en 30 °C.

Geymið í látið vel lokað.

Geymið í upprunalegu íláti.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Einn álþynnu/pólýesterpoki sem inniheldur 2 kg, 5 kg eða 20 kg.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

ECO Animal Health Europe Limited

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/04/044/001 – 20 kg

EU/2/04/044/002 – 5 kg

EU/2/04/044/020 – 2 kg

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 09/09/2004

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

MM/ÁÁÁÁ

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

1. HEITI DÝRALYFS

Aivlosin 625 mg/g kyrni til notkunar í drykkjarvatn handa svínunum.

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:

Týlvalósín (sem týlvalósíntartrat) 625 mg/g

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Laktósaeinhýdrat

Hvítt kyrni.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Svín

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Meðferð og verndarmeðferð gegn þarmabólgu í svínunum (porcine proliferative enteropathy) af völdum *Lawsonia intracellularis*.

Meðferð og verndarmeðferð gegn svínakregðu (swine enzootic pneumonia) af völdum næmra stofna af *Mycoplasma hyopneumoniae*.

Meta skal hvort sjúkdómurinn sé til staðar í hjörðinni áður en lyfið er notað.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir makrólíðasýklalyfjum eða einhverju hjálparefnanna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Afar veikum svínunum sem hafa dregið úr vatnsdrykkju, skal veita meðferð með viðeigandi lyfi til inndælingar sem dýralæknir hefur ávísað.

Í ráðlögðum skammti dregur lyfið úr vefjaskemmdum í lungum og klínískum einkennum, en upprætir ekki sýkingu af völdum *Mycoplasma hyopneumoniae*.

Krossónæmi getur komið fram á milli týlvalósín og annarra makrólíða. Íhuga skal notkun lyfsins vandlega þegar næmispróf hafa sýnt ónæmi fyrir týlvalósín vegna þess að verkun þess getur minnkað.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Notkun lyfsins skal vera í samræmi við opinbera, innlenda og svæðisbundna stefnu um notkun sýklalyfja.

Viðhafa ber góða umönnun og hreinlætishætti til að draga úr hættu á endursýkingu.

Notkun lyfsins á að byggjast á greiningu og næmisprófi á marksýklunum. Ef það er ekki mögulegt, á meðferðin að byggjast á faraldsfræðilegum upplýsingum og þekkingu á næmi marksýklanna fyrir búið eða staðinn/svæðið.

Nota skal sýklalyf sem hafa í för með sér minni hættu á myndun sýklalyfjaónæmis (lægri AMEG flokkur) sem fyrstavalsmeðferð, þar sem næmispróf benda til líklegrar verkunar þessararaðferðar.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín sé ofnæmisvaldur hjá tilraunadýrum og þess vegna skulu þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir týlvalósíni forðast alla snertingu við þetta dýralyf.

Þegar dýralyfið er blandað og fullbúin forblanda fyrir lyfjablandað fóður handleikin skal forðast beina snertingu við augu, húð og slímhúð. Nota skal hlífðarfatnað þegar dýralyfið er blandað og lyfjablandað fóðrið handleikið, þ.e. samfestinga, ógegndræpa hanska og annaðhvort einnota öndunargrímu sem þekur hálf andlitið og samræmist Evrópustaðli EN 149 eða margnota öndunargrímu sem samræmist Evrópustaðli EN 140, með síu skv. EN 143. Þvoið mengaða húð.

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrvalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og mjólkurgjöf:

Dýralyfið má eingöngu nota að undangöngu ávinnings-/áhættumati dýralæknis.

Engin merki um aukaverkanir sáust hjá gyllum eða afkvæmum þeirra þegar dýralyfsin var gefið til inntöku og samfellt í 195 daga til gylda, frá því fyrir sæðingu til frávenslu, með 150 mg af týlvalósíni á hvert kg af vatni, sem samsvarar að meðaltali 4,6 mg af týlvalósíni á hvert kíló af skrokkþyngd á dag. Rannsóknir á dýrum hafa ekki sýnt fram á fósturskemmdir. Komið hafa fram eiturrhif á mæður hjá nagdýrum við notkun skammta sem nema 400 mg týlvalósíns á hvert kg líkamsþyngdar og þar yfir. Hjá músum sást örlítill minnkun á líkamsþyngd fósturs þegar notaðir voru skammtar sem ollu eiturrhifum á mæður.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar í drykkjarvatn.

Til að tryggja réttan skammt skal ákvarða líkamsþyngd eins nákvæmlega og hægt er. Fylgjast skal með vatnsneyslu og aðlaga þéttni lyfsins ef á þarf að halda til að koma í veg fyrir of litla skömmtun.

Dýrallyfinu skal bæta út í það rúmmál vatns sem svínin munu neyta á einum sólarhring. Annað drykkjarvatn á ekki að standa svínunum til boða á meðferðartímabilinu.

Parmabólga í svínum *Porcine proliferative enteropathy* (daugarnarbólga) af völdum *Lawsonia intracellularis*.

Skammturinn er 5 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamsþunga, í drykkjarvatn einu sinni á sólarhring, í 5 sólarhringa í röð.

Reikna skal heildarmagn dýrallyfsins sem nota skal samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

Heildarþyngd dýrallyfs í grömmum = heildarþungi þyngsta svíns sem á að fá meðferð í kg x fjöldi svína x 5/625.

Notið réttan fjölda skammtapoka í samræmi við það magn dýrallyfs sem þarf að nota.

Einn 40 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 5.000 kg þyngd (t.d. 250 svín þar sem þyngsta svínið er 20 kg að þyngd) í einn dag.

Einn 160 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 20.000 kg þyngd (t.d. 400 svín þar sem þyngsta svínið er 50 kg að þyngd) í einn dag.

Einn 400 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 50.000 kg þyngd (t.d. 1000 svín þar sem þyngsta svínið er 50 kg að þyngd) í einn dag.

Svínakregða af völdum næmra stofna af *Mycoplasma hyopneumoniae*.

Skammturinn er 10 mg af týlvalósíni á kg líkamsþunga á dag í drykkjarvatn í 5 daga í röð.

Reikna skal út heildarmagn dýrallyfs með eftirfarandi formúlu:

Heildarþyngd dýrallyfs í grömmum = heildarþungi þyngsta svínsins sem á að fá meðferð í kg x fjöldi svína sem eiga að fá meðferð x 10 / 625.

Notið réttan fjölda skammtapoka í samræmi við það magn dýrallyfs sem þarf að nota.

Einn 40 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 2.500 kg þyngd (t.d. 125 svín þar sem þyngsta svínið er 20 kg að þyngd) í einn dag.

Einn 160 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 10.000 kg þyngd (t.d. 200 svín þar sem þyngsta svínið er 50 kg að þyngd) í einn dag.

Einn 400 g skammtapoki nægir til meðferðar handa svínum með samanlagða 25.000 kg þyngd (t.d. 500 svín þar sem þyngsta svínið er 50 kg að þyngd) í einn dag.

Leiðbeiningar um blöndun:

Til þess að fá réttan skammt þarf að nota nákvæman og rétt kvarðaðan búnað til að vigta rétt magn af dýrallyfinu.

Blanda má dýrallyfinu beint í drykkjarvatnskerfið eða blanda fyrst stofnlausn í minna magni af vatni, sem síðan er bætt út í drykkjarvatnskerfið.

Þegar dýrallyfinu er blandað beint út í drykkjarvatnskerfið á að strá innihaldi skammtapokans á yfirborð vatnsins og blanda því vandlega saman við vatnið þar til lausnin er orðin tær (tekur venjulega innan við 3 mínútur).

Þegar stofnlausn er útbúin á hámarksstyrkurinn að vera 40 g af dýrallyfi á hverja 1.500 ml af vatni, 160 g af dýrallyfi á hverja 6.000 ml af vatni eða 400 g af dýrallyfi á hverja 15.000 ml af vatni og nauðsynlegt er að blanda lausnina í 10 mínútur. Að þeim tíma liðnum hefur það engin áhrif á verkun dýrallyfsins þó lausnin sé að einhverju leyti skýjuð.

Aðeins skal blanda lyfið í drykkjarvatn til eins sólarhrings í senn.
Skipta skal um lyfjablandað drykkjarvatn á 24 klukkustunda fresti.

Eftir að lyfjagjafartímabilinu lýkur skal hreinsa drykkjarvatnskerfið á viðeigandi hátt til þess að koma í veg fyrir að of lítið magn sé tekið inn af virka efninu.

Til viðbótar við lyfjagjöf skal viðhafa góðar starfsvenjur hvað varðar umönnun og hreinlæti til þess að draga úr hættu á sýkingu og koma í veg fyrir að ónæmi byggist upp.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engin merki um óþol hafa komið fram hjá svínum við allt að 100 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamsþunga á sólarhring í 5 sólarhringa.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmatur: 2 sólarhringar

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði:

QJ01FA92

4.2 Lyfhrif

Týlvalósíntartrat er sýklalyf úr flokki makrólíða sem virkar gegn Gram-jákvæðum, sumum Gram-neikvæðum bakteríum og mycoplasma. Það virkar með því að hamla smíði próteina í bakteríufrumum.

Sýklalyf úr flokki makrólíða eru umbrotsefni eða afleiður, samtengdar að hluta til, af umbrotsefnum jarðvegslífvera sem aflað er með gerjun. Þau hafa mismunandi stóra laktónhringi og eru basísk vegna Týlvalósín er makrólíð-sýklalyf. Makrólíðar eru umbrotsefni eða afleiður umbrotsefna jarðvegslífvera sem myndast við gerjun. Þeir trufla próteinsamtengingu með því að bindast afturkræft 50S undireiningu ríbósóms. Þeir eru yfirleitt álitnir bakteríuhemjandi.

Týlvalósín er virkt gegn sýklum einangruðum frá fjölda dýrategunda – aðallega gram-jákvæðum sýklum og mýkóplasma en einnig nokkrum gram-neikvæðum sýklum, þ.á m. *Lawsonia intracellularis*. Við hærri þéttni en lágmarks heftistyrk í *in vitro* rannsóknum reyndist týlvalósín hafa bakteríudrepandi virkni gegn *Mycoplasma hyopneumoniae* stofnum.

Bakteríur geta myndað ónæmi gegn sýklalyfjum. Verkunarhættirnir fela í sér breytingu á markseti ríbósóma (t.d. kóðun af erm-genum), notkun virks útflæðis (t.d. vegna mef- eða msr-gena) og

framleiðslu óvirkjandi ensíma (t.d. af völdum mph-gena). Bakteríuónæmi gagnvart makrólíðum getur verið litningatengt eða plasmíðkóðað og getur hugsanlega færst til ef það tengist stökklum eða plasmíðum. Í berfrymingum getur ónæmi færst til ef það tengist hreyfanlegum erfðafræðilegum einingum. Ónæmi fyrir makrólíðum getur myndast eftir mörgum leiðum. Ekki er hægt að útiloka krossónæmi milli sýklalyfja af flokki makrólíða.

Vísindaleg gögn gefa til kynna að makrólíðar hafi samverkandi áhrif á ónæmiskerfi hýsils. Makrólíðar virðast örva bakteríur sem drepa átfrumur.

Auk örverueyðandi eiginleika hefur orðið vart við ónæmistemprandi og bólgueyðandi áhrif hvað varðar tiltekna makrólíða í íhlutandi rannsóknum. Komið hefur í ljós að týlvalósín virkjar stýrðan frumudauða daufkyrninga og stórátfrumna hjá svínum, örvar stýrðan frumudauða hjá daufkyrningum og hamlar bólguörvandi framleiðslu CXCL-8, IL1 α og LTB4, en virkjar um leið losun aðgreiningarörvandi Lipoxin A4 og Resolvin D1 *in vitro*.

4.3 Lyfjahvörf

Týlvalósíntartrat frásogast hratt eftir inntöku dýrallyfsins. Týlvalósín dreifist víða í vefi, en mesta þéttin greinist í öndunarfærum, galli, slímhúð meltingarvegarins, milta, nýrum og lifur. t_{max} fyrir týlvalósín er um það bil 2,2 klst. og endanlegur helmingunartími brotthvarfs er um 2,2 klukkustundir.

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín safnast upp í átfrumum og þekjufrumum meltingarvegarins. Þéttin í þessum frumum (innanfrumuþéttin) var meiri (allt að 12 sinnum meiri) en utanfrumuþéttin. *In vivo* rannsóknir hafa sýnt að týlvalósín er til staðar í hærri þéttin í slímhúð öndunarfæra og meltingarvegar en í plasma.

Aðalumbrotsefni týlvalósíns er 3-asetýltýlósín (3-AT), sem einnig er virkt gegn sýklum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum:

40 g poki - 3 ár.

160 g poki - 2 ár.

400 g poki - 2 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 5 vikur

Geymsluþol lyfjablandaðs drykkjarvatns: 24 klukkustundir.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hitastig en 25 °C.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Álpynnuskammtapoki sem inniheldur 40 g, 160 g eða 400 g af kyrni.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

ECO Animal Health Europe Limited

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/04/044/009 – 40g

EU/2/04/044/010 – 160g

EU/2/04/044/017 – 400 g

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 09/09/2004

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS

MM/ÁÁÁÁ

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

1. HEITI DÝRALYFS

Aivlosin 625 mg/g kyrni til notkunar í drykkjarvatn handa fasönum.

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:

Týlvalósín (sem týlvalósíntartrat) 625 mg/g

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Laktósaeinhýdrat

Hvítt kyrni.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Fasanar.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til meðferðar við öndunarfærasjúkdómi af völdum *Mycoplasma gallisepticum* hjá fasönum.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir makrólíðasýklalyfjum eða einhverju hjálparefnanna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Veita skal meðferð svo fljótt sem auðið er eftir að klínísk einkenni sem benda til fuglakregðu (mycoplasmosis) koma fram.

Veita skal öllum fuglunum í hópnum þar sem einkenna verður vart meðferð.

Krossónæmi getur komið fram á milli týlvalósín og annarra makrólíða. Íhuga skal notkun lyfsins vandlega þegar næmispróf hafa sýnt ónæmi fyrir týlvalósín vegna þess að verkun þess getur minnkað.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Notkun lyfsins skal vera í samræmi við opinbera, innlenda og svæðisbundna stefnu um notkun sýklalyfja.

Nota skal sýklalyf sem hafa í för með sér minni hættu á myndun sýklalyfjaónæmis (lægri AMEG flokkur) sem fyrstavaðsmeðferð, þar sem næmispróf benda til líklegrar verkunar þessararaðferðar.

Viðhafa ber góða umönnun og hreinlætishætti til að draga úr hættu á endursýkingu.

Notkun lyfsins á að byggjast á greiningu og næmisprófi á marksýklunum. Ef það er ekki mögulegt, á meðferðin að byggjast á faraldsfræðilegum upplýsingum og þekkingu á næmi marksýklanna fyrir búið eða staðinn/svæðið.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín sé ofnæmisvaldur hjá tilraunadýrum og þess vegna skulu þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir týlvalósíni forðast alla snertingu við þetta dýralyf.

Þegar dýralyfið er blandað og fullbúin forblanda fyrir lyfjablandað fóður handleikin skal forðast beina snertingu við augu, húð og slímhúð. Nota skal hlífðarfatnað þegar dýralyfið er blandað og lyfjablandað fóðrið handleikið, þ.e. samfestinga, ógegndræpa hanska og annaðhvort einnota öndunargrímu sem þekur hálf andlitið og samræmist Evrópustaðli EN 149 eða margnota öndunargrímu sem samræmist Evrópustaðli EN 140, með síu skv. EN 143. Þvoið mengaða húð.

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafirvalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Varpfuglar:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins við varp.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar í drykkjarvatn.

Skammturinn er 25 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamspunga á sólarhring í drykkjarvatn í 3 sólarhringa í röð.

Ákvarða skal samanlagðan líkamspunga (í kg) allra þeirra fugla sem eiga að fá meðferð. Til dæmis nægir einn 40 g skammtapoki til meðferðar 1.000 fugla sem eru að meðaltali 1 kg að þyngd; einn 400 g skammtapoki til meðferðar 10.000 fugla sem eru að meðaltali 1 kg að þyngd.

Til þess að fá rétta skammtinn getur þurft að útbúa stofnlausn (t.d. ætti aðeins að nota 50% af stofnlausninni sem útbúin var úr 40 g skammtapokanum til meðferðar fyrir 500 kg heildarþyngd fugla).

Dýralyfinu skal bæta út í það rúmmál vatns sem fuglarnir munu neyta á einum sólarhring. Hve mikið lyfjablandað drykkjarvatn fuglarnir drekka fer eftir klínísku ástandi þeirra. Til þess að ná réttum

skammti getur þurft að aðlaga styrk Aivlosins með tilliti til þess. Annað drykkjarvatn á ekki að standa fuglunum til boða á meðferðartímabilinu.

Leiðbeiningar um blöndun:

Blanda má dýralyfinu beint í drykkjarvatnskerfið eða blanda fyrst stofnlausn í minna rúmmál af vatni, sem síðan er bætt út í drykkjarvatnskerfið.

Þegar dýralyfinu er blandað beint út í drykkjarvatnskerfið á að strá innihaldi skammtapokans á yfirborð vatnsins og blanda því vandlega saman við vatnið þar til lausnin er orðin tær (tekur venjulega innan við 3 mínútur).

Þegar stofnlausn er útbúin á hámarksstyrkurinn að vera 40 g af lyfinu á hverja 1.500 ml. Nauðsynlegt er að blanda lausnina í 10 mínútur. Að þeim tíma liðnum hefur það engin áhrif á verkun lausnarinnar þó að hún sé að einhverju leyti skýjuð.

Aðeins skal blanda lyfið í drykkjarvatn til eins sólarhrings í senn. Skipta skal um lyfjablandað drykkjarvatn á 24 klukkustunda fresti.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engin merki hafa komið fram um óþol hjá hænsnfuglum við allt að 150 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamspunga á sólarhring í 5 sólarhringa.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmatur: 2 dagar.

Fasönum má ekki sleppa í að minnsta kosti 2 daga eftir að meðferð er lokið.

Dýralyfið er ekki ætlað fuglum sem gefa af sér egg til manneldis eða er ætlað að gefa af sér egg til manneldis.

Dýralyfið má ekki nota innan 14 daga fyrir upphaf varptímabils.

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði:

QJ01FA92

4.2 Lyfhrif

Týlvalósín er makrólíð-sýklalyf. Makrólíðar eru umbrotsefni eða afleiður umbrotsefna jarðvegslífvera sem myndast við gerjun. Þeir trufla próteinmyndun með því að bindast afturkræft 50S undireiningu ríbósóms. Þeir eru yfirleitt álitnir bakteríuhemjandi.

Týlvalósín er virkt gegn sýklum einangruðum frá ýmsum dýrategundum – aðallega gram jákvæðum sýklum og mycoplasma, en einnig nokkrum gram neikvæðum sýklum. Týlvalósín er virkt gegn eftirfarandi tegundum mycoplasma sem greinst hafa hjá hænsnum: *Mycoplasma gallisepticum*.

Lámarsheftistyrkur týlvalósíns fyrir *M. gallisepticum* er á bilinu 0,007 til 0,25 µg/ml. Sýnt hefur verið fram á að makrólíðar (þ.m.t. týlvalósín) verka á eigin ónæmiskerfi fuglanna, en það getur styrkt beina verkun sýklalyfsins gegn sjúkdómsvaldinum og bætt klínískt ástand.

Bakteríur geta myndað ónæmi gegn sýklalyfjum. Ónæmi fyrir makrólíðum getur myndast eftir mörgum leiðum.

Ekki er hægt að útiloka krossónæmi milli sýklalyfja af flokki makrólíða. Minnkað næmi fyrir týlvalósíni var yfirleitt til staðar hjá týlósín-ónæmum stofnum.

4.3 Lyfjahvörf

Týlvalósíntartrat frásogast hratt eftir inntöku dýrallyfsins. Týlvalósín dreifist víða í vefi en mesta þéttin greinist í öndunarfærum, galli, slímhúð meltingarvegarins, milta, nýrum og lifur.

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín safnast upp í átfrumum og þekjufrumum meltingarvegarins. Þéttin í þessum frumum (innanfrumuþéttin) var meiri (allt að 12-föld) en utanfrumuþéttin. *In vivo* rannsóknir hafa sýnt að týlvalósín er til staðar í hærri þéttin í slímhúð öndunarfæra og meltingarvegar en í plasma.

Aðalumbrotsefni týlvalósíns er 3-asetýltýlósín (3-AT), sem er einnig virkt gegn sýklum.

Endanlegur helmingunartími brotthvarfs týlvalósíns og virka umbrotsefnisins 3-AT er á bilinu 1 til 1,45 klst. Sex klst. eftir meðferð er meðalþéttin týlvalósíns í slímhúð meltingarvegarins 133 ng/g og í innihaldi meltingarvegarins 1.040 ng/g. Meðalþéttin virka umbrotsefnisins 3-AT er 57,9 ng/g og 441 ng/g á hvorum stað fyrir sig.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum:

40 g poki - 3 ár.

400 g poki - 2 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 5 vikur

Geymsluþol lyfjablandaðs drykkjarvatns: 24 klukkustundir.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hitastig en 25 °C.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Álþynnuskammtapoki sem inniheldur 40 g eða 400 g af kyrni.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

ECO Animal Health Europe Limited

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/04/044/012 – 40g

EU/2/04/044/014 – 400 g

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 09/09/2004

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS

MM/ÁÁÁÁ

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

1. HEITI DÝRALYFS

Aivlosin 42,5 mg/g duft til inntöku handa svínunum.

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:

Týlvalósín (sem týlvalósíntartrat) 42,5 mg/g

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Vatnað magnesíum sílíkat (sepíólít)
Hveitimjöl
Hýdroxýprópýlsellulósi
Fitulaust sojabau-nauduft

Ljósbrúnleitt grófkorna duft

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Svín

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Meta skal hvort sjúkdómurinn sé til staðar í hjörðinni áður en lyfið er notað.

- Meðferð og verndarmeðferð gegn svínakregðu (swine enzootic pneumonia) af völdum næmra stofna *Mycoplasma hyopneumoniae* í svínunum. Við ráðlagðan skammt minnka vefjaskemmdir í lungum og þyngdartap, en sýkingunni af *Mycoplasma hyopneumoniae* er ekki útrýmt.
- Meðferð gegn þarmabólgu í svínunum (porcine proliferative enteropathy) af völdum *Lawsonia intracellularis* í hjörðum þar sem fengist hefur sjúkdómsgreining sem byggist á klínískri sögu, upplýsingum úr krufningu og klínískum meinafræðiniðurstöðum.
- Meðferð og verndarmeðferð gegn blóðskitu í svínunum af völdum *Brachyspira hyodysenteriae* í hjörðum þar sem sjúkdómurinn hefur verið greindur.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir makrólíðasýklalyfjum eða einhverju hjálparefnanna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Bráð tilvik og afar veik svín með minnkaða fæðu- eða vatnsneyslu skal meðhöndla með viðeigandi lyfi til inndælingar.

Almennt hafa stofnar af *B. hyodysenteriae* hærri lágmarksheftistyrksgildi (MIC) þegar um ónæmi gegn öðrum makrólíðum, á borð við týlósín, er að ræða. Ekki hefur verið fyllilega kannað hvaða máli þetta minnkaða næmi skiptir í klínísku tilliti.

Krossónæmi getur komið fram á milli týlvalósín og annarra makrólíða. Íhuga skal notkun lyfsins vandlega þegar næmispróf hafa sýnt ónæmi fyrir týlvalósín vegna þess að verkun þess getur minnkað.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Notkun lyfsins skal vera í samræmi við opinbera, innlenda og svæðisbundna stefnu um notkun sýklalyfja.

Nota skal sýklalyf sem hafa í för með sér minni hættu á myndun sýklalyfjaónæmis (lægri AMEG flokkur) sem fyrstavalsmeðferð, þar sem næmispróf benda til líklegrar verkunar þessararaðferðar.

Notkun lyfsins á að byggjast á greiningu og næmisprófi á marksýklunum. Ef það er ekki mögulegt, á meðferðin að byggjast á faraldsfræðilegum upplýsingum og þekkingu á næmi marksýklanna fyrir bóiið eða staðinn/svæðið.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Sýnt hefur verið fram á að týlvalósín sé ofnæmisvaldur hjá tilraunadýrum og þess vegna skulu þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir týlvalósíni forðast alla snertingu við þetta dýralyf.

Þegar dýralyfið er blandað og fullbúin forblanda fyrir lyfjablandað fóður handleikin skal forðast beina snertingu við augu, húð og slímhúð. Nota skal hlífðarfatnað þegar dýralyfið er blandað og lyfjablandað fóðrið handleikið, þ.e. samfestinga, ógegndræpa hanska og annaðhvort einnota öndunargrímu sem þekur hálf andlitið og samræmist Evrópustaðli EN 149 eða margnota öndunargrímu sem samræmist Evrópustaðli EN 140, með síu skv. EN 143. Þvoið mengaða húð.

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Engar þekktar.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafirvalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og mjólkurgjöf:

Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings-/áhættumati dýralæknis.

Engin merki um aukaverkanir sáust hjá gyllum eða afkvæmum þeirra þegar týlvalósín var gefið til inntöku og samfellt í 195 daga til gylda, frá því fyrir sæðingu til frávenslu, með 150 mg af týlvalósíni á hvert kg af vatni, sem samsvarar að meðaltali 4,6 mg af týlvalósíni á hvert kíló af skrokkþyngd á dag.

Rannsóknir á dýrum hafa ekki sýnt fram á fósturskemmdir. Komið hafa fram eiturrhif á mæður hjá nagdýrum við notkun skammta sem nema 400 mg týlvalósíns á hvert kg líkamspýngdar og þar yfir.

Hjá músum sást örllítill minnkun á líkamspýngd fósturs þegar notaðir voru skammtar sem ollu eiturhrifum á mæður.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til nota handa einstökum svínum á bændabýlum þar sem einungis lítill fjöldi svína á að fá meðferð. Meðhöndla skal stærri hópa með lyfjablönduðu fóðri sem inniheldur forblönduna.

Til meðferðar og verndarmeðferðar gegn svínakregðu

Skammturinn er 2,125 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamspýngdar á sólarhring í 7 sólarhringa í röð. Sýking af lífverum á borð við *Pasteurella multocida* og *Actinobacillus pleuropneumoniae* getur verið fylgikvilli svínakregðu og kallað á sérstaka lyfjagjöf.

Til meðferðar gegn þarmabólgu í svínum

Skammturinn er 4,25 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamspýngdar á sólarhring í 10 sólarhringa í röð.

Til meðferðar og verndarmeðferðar gegn blóðskitu í svínum

Skammturinn er 4,25 mg af týlvalósíni á hvert kg líkamspýngdar á sólarhring í 10 sólarhringa í röð.

Þetta næst með því að blanda Aivlosin rækilega í um það bil 200-500 g af fóðri og blanda síðan þessari forblöndu rækilega í það sem eftir er af daglegum fóðurskammti.

Ausur í 2 stærðum fylgja með til að mæla rétt magn af Aivlosin til blöndunar í daglegan fóðurskammt samkvæmt töflunni hér á eftir. Fóðrið sem inniheldur duftið til inntöku skal vera eini fóðurskammturinn sem dýrið fær í þann tíma sem ráðlagður er hér að framan.

Vigta skal svínið sem ætlunin er að meðhöndla og áætla það magn af fóðri sem líklegt er að svínið neyti, miðað við fóðurneyslu á sólarhring sem samsvarar 5% af líkamspýngd. Taka þarf sérstakt tillit til svína með minnkaða eða takmarkaða sólarhringsneyslu fóðurs. Bæta skal réttu magni af Aivlosin í áætlaðan sólarhringskammt af fóðri fyrir hvert svín fyrir sig, í fötu eða svipað ílát, og blanda rækilega. Dýralyfinu skal einungis bæta í þurrt fóður sem ekki hefur verið pressað í fóðurkúlur.

Svínakregða 2,125 mg/kg líkamspýngdar		
Þyngdar- flokkur (kg)	Ausu- stærð	Ausufjöldi
7,5-12	1 ml	1
13-25	1 ml	2
26-38	1 ml	3
39-67	5 ml	1
68-134	5 ml	2
135-200	5 ml	3
201-268	5 ml	4

Þarmabólga & blóðskita í svínum 4,25 mg/kg líkamspýngdar		
Þyngdar- flokkur (kg)	Ausu- stærð	Ausufjöldi
7,5-12	1 ml	2
13-19	1 ml	3
20-33	5 ml	1
34-67	5 ml	2
68-100	5 ml	3
101-134	5 ml	4
135-200	5 ml	6
201-268	5 ml	8

Athugið: Mæla skal sléttfulla ausu af lyfinu

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engin merki um óþol hafa sést hjá vaxandi grísum við skammta sem nema allt að tífoldum ráðlögðum skammti

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmat: 2 sólarhringar

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði:

QJ01FA92

4.2 Lyfhrif

Týlvalósíntartrat er makrólíð-sýklalyf með verkun gegn Gram-jákvæðum og sumum Gram-neikvæðum bakteríum og mycoplasma. Það verkar með því að hamla próteinmyndun í bakteríufrumum.

Makrólíð-sýklalyf eru umbrotsefni eða að hluta samtengdar afleiður umbrotsefna jarðvegslífvera sem myndast við gerjun. Þau hafa mismunandi stóra laktónhringi og eru basísk vegna tvímetýlamínóhópsins. Týlvalósín hefur sextán eininga hring.

Makrólíðar trufla próteinmyndun með því að bindast afturkræft 50S undireiningu ríbósóms. Þeir bindast við gjafasetíð og hindra þá yfirfærslu sem nauðsynleg er til að peptíðkeðjan geti haldið áfram að vaxa. Áhrif þeirra eru í meginatriðum bundin við lífverur sem skipta sér hratt. Makrólíðar eru almennt taldir vera bakteríu- og mycoplasmahemjandi.

Talið er að mörg ferli valdi myndun ónæmis gegn makrólíðaefnasamböndum: þ.e. breyting á marksetinu í ríbósómunum, notkun á virkum útlæðisferlum og framleiðsla á afvirkjandi ensíumum.

Ekki hefur verið greint frá ónæmi gegn týlvalósíni hjá *Mycoplasma hyopneumoniae* og *Lawsonia intracellularis* á notkunarvettvangi enn sem komið er. Engin næmismörk hafa verið staðfest fyrir *Brachyspira hyodysenteriae*. Almennt hafa stofnar af *B. hyodysenteriae* hærri lágmarksheftistyrksgildi (MIC) þegar um ónæmi gegn öðrum makrólíðum svo sem týlósíni er að ræða. Klínískt mikilvægi þessa minnkaða næmis hefur ekki verið fyllilega rannsakað.

Ekki er unnt að útiloka krossónæmi milli týlvalósíns og annarra makrólíða.

Auk örverueyðandi eiginleika hefur orðið vart við ónæmistemprandi og bólgueyðandi áhrif hvað varðar tiltekna makrólíða í íhlutandi rannsóknum. Komið hefur í ljós að týlvalósín virkjar stýrðan frumudauða daufkyrninga og stórátfrumna hjá svínum, örvar stýrðan frumudauða hjá daufkyrningum og hamlar bólguörvandi framleiðslu CXCL-8, IL1 α og LTB4, en virkjar um leið losun aðgreiningarörvandi Lipoxin A4 og Resolvin D1 in vitro.

4.3 Lyfjahvörf

Týlvalósíntartrat frásogast hratt eftir inntöku Aivlosin.

Eftir gjöf ráðlagðs skammts, mældist styrkur í lungum frá 0,060-0,066 $\mu\text{g/ml}$ 2 og 12 klst. eftir meðferð. Móðurefnasambandið dreifist vítt og breitt um vefina og mesti styrkur fannst í lungum, galli, slímþekju garna, milta, nýrum og lifur.

Vísbendingar eru um að styrkur makrólíða sé meiri á sýkingarstað en í plasma, einkum í daufkýrningum, stóratfrumum í lungablöðrum og þekjufrumum í lungnablöðrum.

Rannsóknir á umbroti *in vitro* hafa staðfest að móðurefnasambandið umbrýst hratt í 3-O-aceýltýlósín. Í prófun þar sem notað var ¹⁴C-merkt Aivlosin, sem gefið var svínunum í 2,125 mg/kg styrk í 7 daga, skildust yfir 70 % af skammtinum út í saur, en útskilnaður í þvagi nam um 3 til 4 % af skammtinum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 3 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 4 vikur.

Fóðri sem í hefur verið bætt dufti til inntöku skal skipta út ef þess hefur ekki verið neytt innan 24 klst.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við lægra hitastig en 30 °C.

Geymið ílátid vel lokað.

Geymið í upprunalegu ílátu.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Einn álpynnu-/pólýesterfóðraður poki sem inniheldur 500 g. Meðfylgjandi eru 1 ml og 5 ml ausur.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

ECO Animal Health Europe Limited

7. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/2/04/044/013

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 09/09/2004

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS

MM/ÁÁÁÁ

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

1. HEITI DÝRALYFS

Aivlosin 625 mg/g kyrni til notkunar í drykkjarvatn handa hænsnum og kalkúnum.

2. INNIHALDSLÝSING

Virki innihaldsefni:

Týlvalósín (sem týlvalósíntartrat) 625 mg/g

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Laktósaeinhýdrat

Hvítt kyrni.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hænsni og kalkúnar.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Hænsni

